

Umhverfisstofnun	SK
Áb. 69/A	
16. júní 2015	
08.08.02	
Tilv. 1572015 06-104	

Íslenska Kalkþörungafélagið ehf.



Bíldudalur 11.06.2015

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24


108 Reykjavík

Endurskoðun vöktunaráætlunar Íslenska Kalkþörungafélagsins ehf.

Í starfsleyfi Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. er tilgreind mæliáætlun til eftirlits með mengun og óskum við hér með eftir endurskoðun á þeirri áætlun skv. grein 3.1 í starfsleyfi. Skv. núverandi vöktunaráætlun á að mæla svifagnir í setlóni en þar sem stöðugt rennsli er í lónið frá vothreinsibúnaði á útblæstri er þar alltaf tölувert magn svifagna. Því leggjum við til að mæling svifagna í lóni fari einunigs fram á fimm ára fresti en mæling í sjó utan við lón fara áfram fram tvisvar á ári (sjá mynd 1). Mælingar á hávaða frá verskmiðju mun fara fram með Kimo dB100 hljóðmæli í hverri viku, að degi til og að nótta til, á þremur stöðum: við anddyri, við safnaðarheimilið og neðan við leikskóla (sjá Mynd 2). Hljóðstyrkur verður skráður og einnig verðurskilyrði og umferð. Árið 2013 var settur upp nýr þurrkari til að taka við af þáverandi þurrkara en nú er stefnan að nota báða þurrkarana. Við viljum því breyta mælistafað á ryki svo að mældur verði allur útblástur. Mælt verður árlega; þrjár mælingar á 6 tíma fresti á einum sólarhring. Verkís sér um mælingu. Skv. 5.1 grein skal fara fram vöktun á setmyndun í nágrenni verksmiðjunnar. Við til að mæling fari fram á þriggja ára fresti í stað tveggja, sjá tillögu frá Jarðfræðistofu Kjartans Thors. (Sjá meðfylgjandi skjal)

Mengunarefni	Mælistafaður	Tímabil meðaltals	Mælieining	Tíðni sýnatöku
Ryk	Reykháfar	Marktæk mæling	Mg/Nm ³	Árlega
Svifagnir	Sjór utan við setlón	Marktæk mæling	Mg/l	Tvisvar á ári eftir dælingu hráefna
svifagnir	setlón	Marktæk mæling	Mg/l	Fimmta hvert ár
Setmyndun	Sjór utan setlóns	Marktæk mæling	Mg/Nm ³	Þriðja hvert ár
Hávaði	Við anddyri, við safnaðarheimili, við leikskóla	Marktæk mæling	dB(A)	Vikulega

2025.10.10.



Sýnatökustaðir fyrir svifagnamælingu

Mælistastaðir: 1) Nýja anddyri, 2) safnaðarheimili, 3) leikskóli



Virðingarfyllst

F.h. Íslenska kalkþörungafélagsins ehf.

Erla Rún Jónsdóttir
Íslenska
kalkþörungafélagið ehf
KK 80601-2670

Erla Rún Jónsdóttir

Gæðastjóri

Umhverfisstofnun
Áb.
16. júní 2015
Tilv.



Silja Baldvinsdóttir
Íslenska kalkþörungafélagið,
Hafnarteigi 4,
465 Bíldudalur

28. nóvember 2012

Málefni: Tillaga um áætlun um vöktun á setmyndun

Í kafla 5.1 í starfsleyfi fyrir íslenska kalkþörungafélagið ehf er krafist reglubundinna mælinga á setmyndun í nágrenni verksmiðju félagsins. Skulu mælingarnar gerðar samkvæmt áætlun, sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt.

Ég legg til að áætlunin hljóði á eftirfarandi hátt:

1. Vöktun fer fram á þann hátt, að sjávarbotn í næsta nágrenni verksmiðjunnar (allt að 100 metra frá landi) er kannaður með neðansjávarmyndavél og skrifleg lýsing gerð á botninum. Einnig verða plaströr, allt að 40 sm löng rekin niður í botninn á 10 stöðum á athugunarsvæðinu til könnunar á botnsetinu. Rannsókn á „botnkjörnum” þeim, sem á þennan hátt fást, leiði til mats á þykkt kalkríks botnsets.
2. Vöktun fer fram með þriggja ára millibili, í fyrsta sinn í ársbyrjun 2013, en fylgi síðan vöktun á efnistökusvæðum félagsins.

Með bestu kveðju,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Kjartan Thors'.

Kjartan Thors